# Fundur í almannavarnarnefnd í umdæmi lögreglustjórans á Austurlandi.

Dags. 8. apríl 2020, 14:30 til 14:50
Staðs.: Teams

Fundarmenn: Björn Ingimarsson bæjarstjóri á Fljótsdalshéraði sem stýrði fundi, Guðmundur Helgi Sigfússon slökkvistjóri í Fjarðarbyggð, Karl Óttar Pétursson bæjarstjóri í Fjarðarbyggð, Jón Sigurðsson sveitarstjóri í Borgarfjarðarhreppi, Haraldur Geir Eðvaldsson Brunavarnir á Austurlandi, Gauti Jóhannesson sveitarstjori á Djúpavogi, Sigríður Bragadóttir sveitarstjóri á Vopnafirði, Gunnþórunn Ingólfsdóttir hreppsnefnd Fljótsdalshrepps, Aðalheiður Borgþórsdóttir bæjarstjóri Seyðisfjarðar, Margrét María Sigurðardóttir lögreglustjóri og Kristján Ólafur Guðnason yfirlögregluþjónn.
Fundarritari KÓG.

Dagskrá

1. Kosning formanns og varaformanns Almannavarnanefndar
    a. Formaður kjörinn Margrét María Sigurðardóttir lögreglustjóri og varaformaður Kristján Ólafur Guðnason yfirlögregluþjónn.
2. Fjármál
    a. Í fundargerð Almannavarnanefndar frá 15.10.2019, lið 5, var eftirfarandi bókað:
        i. „Lagt til af hálfu lögreglu að ráðinn verði starfsmaður, Jónas Vilhelmsson fyrrverandi yfirlögregluþjónn, í hlutastarf til vinnu fyrir almannavarnarnefnd. Engar athugasemdir og allir tilbúnir að bera af því sanngjarnan kostnað."
    b. Í samræmi við lið 2a hér að ofan og lög um Almannavarnir þar sem segir m.a. að sveitarstjórnir ráði starfsmenn almannavarnanefnda og greiða kostnað af störfum þeirra, var ákveðið að leggja til við sveitarstjórnir að krónur 420 yrðu lagðar til Almannavarnanefndar frá og með næstu áramótum fyrir hvern íbúa. Miðað verði við íbúafjölda 1. janúar 2020 samkvæmt tölum Hagstofu Íslands.
        i. Ákveðið var einnig að sá kostnaður sem varð til í kjölfar ákvörðunar á fundi nefndarinnar 15.10.2019, að hann yrði greiddur sem hlutfall af íbúafjölda hvers sveitarfélags að fengnu samþykki sveitarstjórnar. (Áfallinn kostnaður krónur 1.624.000 / Til greiðslu krónur 1.700.000.) Miðað verði sem fyrr við íbúafjölda 1. Janúar 2020 samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Gert er ráð fyrir að sú upphæð verði komin til greiðslu eigi síðar en í lok maímánaðar 2020.
        ii. Fundarritari tók að sér að taka saman upplýsingar um íbúafjölda og kostnað á hvert sveitarfélag í samræmi við ofangreint og senda fundarmönnum. (Sjá meðfylgjandi.)
3. Fundi slitið um klukkan 14:50.

**Fundur í almannavarnarnefnd umdæmi lögreglustjórans á Austurlandi**
**Lyngási 12, Egilsstöðum, 19. júní 2020 Almannavarnarfundur haldinn 19. júní 2020 klukkan 10:30.**

Mættir fulltrúar úr almannavarnarnefnd:

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn
Björn Ingimarsson, almannavarnarnefnd
Guðmundur Helgi Sigfússon, Slökkvilið Fjarðarbyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson,    er þetta rétt?
Gauti Jóhannsson, almannavarnarnefnd
Karl Óttar Pétursson, almannavarnarnefnd
Jón Þórðarson, almannavarnarnefnd

Boðað var til fundar til að fara yfir störf almannavarnarnefndar í tengslum við COVID-19, rýna þau störf og ákvarða næstu skref.

MMS opnaði fundinn og bauð alla velkomna.

KÓG fór yfir í stórum dráttum hvernig starfi almannavarna hafi verið háttað og þá sérstaklega síðustu mánuði eftir að COVID-19 ástandi hefur verið í gangi. Þá fór af stað almenn umræða. Almenn ánægja fundarmanna var um hvernig starfið gekk og lýstu fundarmenn yfir vilja til að starfa áfram þétt saman og vinna þá vinnu sem brýnt er að vinna að.

Fundarmenn voru frekar á því að ekki væri þörf að breyta hverjir sitja í almannavarnarnefnd að svo stöddu. Vilja frekar geta kallað inn aðila eftir ástæðum. Almenn umræða að ekki væri heppilegt að hafa nefndina of stóra. Nú væri farið að greiða fast í nefndina og þarf að fara yfir þær áætlanir sem til eru og bæta við það sem þarf og æfa þær.

Umræða var um tæknimálin og dekkun á þeim. Er ekki alls staðar GSM samband svo og umræða um ljósleiðara. Einnig var rætt um að þurfum að halda betur utan um upplýsingar og koma því á framfæri við almenning. Þá var talað um stjórnstöðvar almannavarna og hvernig sú starfsemi er tryggð svo sem með varaaflstöðvum og fleira. Umræða að gott væri að kynna almannavarnir í skólum enn betur og fleira. Einnig var umræða um samgöngur og mikilvægi þeirra.

Ákveðið var að næstu skref væru þau að ákveða hvað við viljum gera, listum upp verkefnin og funda reglulega í hverjum mánuði eða annað hvern mánuð.

Fundi var slitið klukkan 11:50.
Margrét María Sigurðardóttir ritaði fundargerðina.

Fundur 3. sept. 2020 – fyrsta haustveður ársins!

Mættir: Björn Ingimarsson og Óðinn Gunnar af Fljótsdalshéraði, Gunnar Jónsson Fjarðabyggð, Jón Þórðarson Borgarfirði eystra, Haraldur Geir og Guðmundur Sigfússon slökkviliðsstjórar af Héraði og Fjörðum, Sveinn Zoéga frá Landsbjörg og Margrét María, Hjalti Bergmar og Kristján Ólafur frá lögreglu. (Kristján stýrði fundi og ritar fundargerð.)

-----------------------------------

**Dagskrá – fundargerð**

1. Stutt kynning á veðurspá og því sem kann að bíða okkar með kvöldinu
    a. Í gildi gul er gul og appelsínugul veðurviðvörun allt frá Ströndum, austur um og á Suðausturlandi. Verst er spáin fyrir Norðurland eystra og Austurland að Glettingi, en þar spáir norðan hvassviðri eða stormi og búist við snjókomu til fjalla.

2. Farið hringinn þar sem stöðunni er lýst á hverju svæði fyrir sig, hvort og þá til hvaða aðgerða hefur verið gripið.

    a. Vopnafjörður
        i. Sveitarstjóri komst ekki á fundinn en sendi eftirfarandi orðsendingu í morgun:
            1. Ég hafði samband við formann landbúnaðarnefndar og son fjallskilastjóra.Hann er búinn að hengja upp tilkynningu í búðina og sjoppuna að réttin sé lokuð almenningi vegna Covid-19 þannig að það verða aðeins þeir sem eiga fé í réttinni og svo eru þeir búnir að færa smalamennsku um einn dag vegna veðurs og þar með réttina líka

    b. Borgarfjörður
        i. Loðmundarfjörður, fjallskilastjórar ákváðu að byrja yst að þessu sinni á laugardag en ekki innst líkt og vant er, fara inn fjörðinn á Sunnudag í stað út. Allir því meðvitaðir.

    c. Fljótsdalshérað
        i. Búið að ræða við fjallskilastjóra. Allir meðvitaðir. Ekki talið að vandræði verði á þeirra svæði.

    d. Fjarðabyggð
        i. Búið að ræða við fjallskilastjóra og gaumgæfa aðstæður, allt í tökum.

    e. Fljótsdalshreppur
        i. Sveitarstjóri komst ekki á fundinn en hann sendi orðsendingu í morgun sem hljóðaði svo:
            1. "Bændur í Fljótsdal hófu smölun á þessu svæði í gær og vonast til að ná sem mestu af því svæði í dag."
        ii. Vitneskja því til staðar og ráðstafanir gerðar.

    f. Djúpivogur
        i. Boðaður en komst ekki. Ekki gert ráð fyrir að veðrið nái þangað.

    g. Landsbjörg

i. Klárir í bátana ef kallið kemur.

h. Vegagerð
    i. Boðaður en komst ekki.

i. Slökkvilið, Brunavarnir á Austurlandi
    i. Ekkert sérstakt hjá þeim. Fundur hjá Landsneti núna, viðbúnaður á svæðinu og gert ráð fyrir að þeirra menn verði á svæðinu komi eitthvað upp á.

j. Slökkvilið Fjarðabyggðar
    i. Ekkert sérstakt, ólíklegt að veðrið nái niður á Firði, fylgjast vel með.

3. Annað:
    a. Rætt við Aðalheiði Borgþórsdóttir, bæjarstjóra á Seyðifirði, í kjölfar fundar. Hún mun ræða við sinn fjallskilastjóra. Allt því í tökum þar.

4. Næstu skref ákveðin
    a. Fundarmenn fylgjast með og láta vita ef tíðindi verða, - upplýsa með tölvupósti til fundarmanna. Fundur boðaður þyki ástæða til.



**LÖGREGLUSTJÓRINN Á AUSTURLANDI**

Fundur í almannavarnanefnd. (Boðaður í kjölfar fundar aðgerðastjórnar vegna Covid-19).
Dags. 08.09.2020 kl. 13:30 til 13:45

Fundarefni, ábendingar um yfirvofandi grjóthrun í Stuðlagili

Fundarmenn/boðaðir; Margrét María Sigurðardóttir formaður, Björn Ingimarsson Fljótsdalshéraði, Gunnar Jónsson fyrir hönd Fjarðabyggðar og Kristján Ólafur Guðnason varaform. (KÓG stýrði fundi og ritaði fundargerð.)

-----------------------------------

**Dagskrá – fundargerð**

1. Ábendingar bárust lögreglu um mögulegt grjóthrun í Stuðlagili þar sem gangandi vegfarendur/ferðamenn eru gjarnan á ferð. Veðurstofa þegar gefið álit sitt á aðstæðum og metur það svo að hætta geti verið á ferðum að ákveðnum forsendum gefnum. Sjá fylgigögn.
    a. Umræður voru um málið og ekki augljóst í hvaða feril það ætti að fara eða hver bæri ábyrgð á viðunandi og réttum viðbrögðum, sér í lagi þar sem um einkaland er að ræða.
    b. Ákveðið að lögregla tæki boltann, heyrði í landeigendum og kannaði bæði hvaða mat þeir legðu á hættu þarna á svæðinu sem og hvaða ráðstafanir væru þá réttar, hvort heldur af þeirra hálfu, yfirvalda eða báðum aðilum í sameiningu.
    c. Verður tekið fyrir á fundi sömu aðila, nefndra fundarmanna hér að ofan, nk. föstudag í kjölfar aðgerðastjórnafundar þann dag.

Ekki til dreifingar

**Fylgigögn / myndir og fl.**

A. Ábending er barst með hnitum af svæðinu og ljósmyndum
Hnitin af svæðinu er ISNET 673077.485,523253.315 eða -15.30627915,65.16320582













B. Fyrirspurn lögreglu til Veðurstofu og svar Veðurstofu er barst 7. sept. 2020

Sæll Kristján,
Takk fyrir ábendinguna varðandi Stuðlagil.

Það er ljóst að það er víða hætta á grjóthruni í Stuðlagili, sem ógnað getur öryggi ferðamanna á svæðinu. Bæði eru lausir stuðlar víða við brún sem geta hrunið, og einnig eru sprungur á afmörkuðum svæðum þar sem mögulegt er að litlar skriður falli. Líklega er einna mesta hættan fólgin í því að fólk sem fer út á brún losi um grjót sem getur hrunið niður í gilið og ógnað fólki sem þar er. Einnig getur losnað um grjót og bergfyllur af náttúrunnar völdum, t.d. í tengslum við vatnsveður. Vestan megin gilsins hefur verið byggður útsýnispallur og haldi ferðamenn sig við hann eru litlar líkur á því að fólk fari sér að voða eða valdi öðrum skaða. En ef fólk gengur út á brún utan pallsins getur skapast hætta. Austan megin við ánna gengur fólk út á brún og fer niður í gilið þar sem hætta getur verið á grjóthruni að ofan.

Greinilegur munur sést á gróðri á svæðinu á milli áranna 2019-2020 en ekki er ljóst hvort sprungur hafi víkkað eða þær einfaldlega komið betur í ljós eftir að gróðurhula eyddist við brún gilsins.

Veðurstofan mælir með eftirfarandi viðbúnaði að lágmarki:

- Umferð ferðamanna verði stýrt þannig að stígar verði afmarkaðir betur og hafðir á sem öruggustu svæði.
- Sprungin svæði á brún verði afgirt þannig að fólk fari ekki út á þau.
- Skilti verði sett upp sem upplýsa ferðamenn um hættuna.

Ekki hefur verið skilgreint hvað telst vera ásættanlegt þegar kemur að áhættu vegna grjóthruns á ferðamannastöðum. Líklega er áhætta hvers einstaklings sem fer um Stuðlagil ekki mjög mikil, en þegar svo margir ferðamenn fara um svæðið aukast líkurnar á því að slys verði. Öruggasta leiðin væri í raun að hleypa fólki ekki ofan í gilið og takmarka umferð á brún við útsýnispalla, en slíkt kann að draga úr upplifun gesta. Einnig væri hægt að hreinsa laust grjót frá brúninni, en reikna má með að það hefði í för með sér skemmdir á stuðlum svæðisins. Það er þó yfirvalda að ákveða hvað mátulegt er að gera til þess að bæta öryggi ferðamanna í Stuðlagili.

--
Kveðja
**Jón Kristinn Helgason**
Jarðfræðingur | Geologist

**Veðurstofa Íslands | Icelandic Met Office**
Snjóflóðasetur | Avalanche Research Center
Suðurgata 10-12, 400 Ísafjörður
Sími +354 522 6000
Beinn sími: 450 3063 GSM: 863 5400
www.vedur.is | en.vedur.is

**From:** Kristján Ólafur Guðnason <kog01@logreglan.is>
**Sent:** mánudagur, 24. ágúst 2020 13:20
**To:** Jón Kristinn Helgason <jonkr@vedur.is>
**Cc:** Hjalti Bergmar Axelsson <hjaltiberg@logreglan.is>
**Subject:** Stuðlagil

Sæll –

Vísa til samtals okkar áðan. Hnitin af svæðinu er ISNET 673077.485,523253.315 eða -15.30627915,65.16320582

Með kveðju / Best regards

**Kristján Ólafur Guðnason**
**Yfirlögregluþjónn / Chief Superintendent**
**Lögreglan á Austurlandi / Icelandic police – east district**
Kt: 680814-0740
**Símanr. / Tel.: (+354) 444 0600 / 444 0635**
Netfang / e-mail: kog01@logreglan.is

UM ÁBYRGÐ Á TÖLVUPÓSTI

TRAUST – VIRÐING - FRAMSÆKNI

Ekki til dreifingar

**LÖGREGLUSTJÓRINN Á AUSTURLANDI**

# Fundur Almannavarnarnefndar Austurlands

**Dags og tími,** - 19. okt 2020 frá kl. 14:00. Haldinn á Teams.

**Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð
Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótsdalshérað
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps
Guðmundur Helgi Sigfússon, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands
Helgi Gíslason, sveitarstjóri, Fljótsdalshrepps

**Mættir:** Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri, Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn, Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð, Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótsdalshérað, Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps, Guðmundur Helgi Sigfússon, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar, Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands. Helgi Gíslason, sveitarstjóri, Fljótsdalshrepps mætti ekki. (Margrét María stýrði fundi og ritar fundargerð.)

------------------------------------

**Dagskrá –**

1. Skipan í almannavarnarnefnd-framtíðarsýn
2. Næstu skerf í störfum almannavarnarnefndar
3. Önnur mál
4. Næsti fundur

### 1. Skipan í almannavarnarnefnd-framtíðarsýn.

Síðasti fundur var haldinn 19. júní 2020 þar sem að rætt var m.a. um starfið og að fækkun yrði í nefndinni þegar að nokkur sveitarfélög myndu sameinast í eitt sveitarfélag sem nú hefur fengið heitið Múlaþing. Umræða hefur verið um hvort að bæta ætti inn öðrum fulltrúum í nefndina. Niðurstaðan var sú eftir nokkra umræðu að bæta fulltrúa frá Landsbjörg við nefndina. Gera þarf nýjar samþykktir og senda til allra sveitarfélaga til samþykktar og síðan senda þau gögn áfram á ráðuneytið. Lögreglustjórinn á Austurlandi mun annast þann þátt.

### 2. Næstu skerf í störfum almannavarnarnefndar

Kristján ræddi minnisblað sem unnið var af forvera hans um stöðuna í almannavarnarmálum í umdæminu. Umræða um að nefndarmenn færu yfir það og kæmu með þær áherslur sem þeir hefðu á næsta fund sem er fyrirhugaður 30. nóv. n.k. Umræða var um að hafa reglulega fundi og rýna þær viðbragðsáætlanir sem til eru og forgangsraða verkefnum. Allir þurfa að vera meðvitaðir um það hvað til þeirra friðar heyrir þegar og ef eitthvað gerist. Yfirfara viðbragðsáætlanir, uppfæra þær og æfa.

### 3. Önnur mál

Vantar yfirlit um tengiliði fyrir sveitarfélögin og aðra þegar að virkja þarf almannavarnir. Tryggja þarf að réttir aðilar fái upplýsingar í þessum málum. Vantar frekari grunn með upplýsingum um við hverja eigi að hafa samband út af ólíkum málum. Kristján tók að sér að kanna hvernig þessu er háttað t.d. á Suðurlandi. Einnig þarf að vera verklag hvað gerist þegar upplýsingar berast. Hægt að geyma í vefgrunni sem yrði aðgengilegur.

4. **Næsti fundur** verður haldinn 30. nóvember n.k. 2020, klukkan 14:00.

Fundi slitið klukkan 14:50

# LÖGREGLUSTJÓRINN Á AUSTURLANDI

## Fundur Almannavarnarnefndar Austurlands

**Dags og tími,** - 30. nóv. 2020 frá kl. 14:00. Haldinn á Teams.

**Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð
Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótsdalshérað
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps
Guðmundur Helgi Sigfússon, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands
Helgi Gíslason, sveitarstjóri, Fljótsdalshrepps
Nýr fulltrúi í almannavarnarnefnd er Landsbjörg á Austurlandi, Sveinn Halldór Oddsson Zoéga, skv. fundi frá 19. október 2020.

Mættir: Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri, Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn, Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð, Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótsdalshérað, Guðmundur Helgi Sigfússon, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar, Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands, Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps boðaði forföll, Helgi Gíslason, sveitarstjóri, Fljótsdalshrepps mætti ekki. (Margrét María stýrði fundi og ritar fundargerð.)

Dagskrá:

1. Síðasta fundargerð, frá 19. október lögð fram til samþykktar.
2. Tilnefning/staðfesting á breyttri skipan í Almannavarnanefnd og varamann í samræmi við ákvörðun á fundi nefndarinnar 19. okt.
    a. Fundarmenn senda upplýsingar á lögreglustjóra/yfirlögregluþjón um bæði aðalmann í nefndinni og varamann sem þá verða skráð í Bjargargrunninn:
        1. Nafn
        2. Kennitölu
        3. Heimilisfang / póstnúmer
        4. Netfang
        5. Heimasíma / farsíma
3. Forgangsröðun verkefna nefndarinnar – á hvað skal leggja áherslu / skipting verkefna fyrir næsta fund:
    a. Forgangsröðun ákveðin þannig og hlutverk:
        1. Gróðureldar
            1. Slökkviliðsstjórarnir tveir taka þetta verkefni til skoðunar, líta til sambærilegra áætlunar á suðurlandi og vesturlandi og gera drög að áætlun fyrir Austurland
        2. Stíflurof á Fjarðarheiði?
            1. BI safnar þeim gögnum sem til eru með það að markmiði að gerð verði heildaráætlun í kjölfarið
        3. Rafmagnsleysi í óveðri?
            1. Áhyggjum líst vegna þessa. Fundarmenn skoða hver í sínum ranni hver staðan er og gera stutta greinargerð, hálfa A4 síðu eða svo, um stöðuna og tillögur að aðgerðum ef aðgerða þykir þörf

        2. Greinargerðir þessar sendar lögreglustjóra/yfirlögregluþjóni sem freista þess að útbúa heildstætt skjal í kjölfarið og leggja fyrir Almannavarnanefnd sem ákveður næstu skref
    4. Stjórnstöðvar almannavarna, hvar eiga þær að vera / hvernig skulu þær búnar
        1. Verður skoðað m.t..t. búnaðar sem þarf að koma upp, þar á meðal rafmagnsöryggi, sjá lið 3.
        2. Bíður næsta fundar.
    5. Kynna og æfa hópslysaáætlun?
        1. Bíður næsta fundar
    6. Sjóslysaáætlun?
        1. Bíður næsta fundar
    7. Aðgangur að þyrlu fyrir Austurland?
        1. Bíður næsta fundar

4. Söfnun upplýsinga á einn stað um þá sem hafa hlutverk í almannavarnaástandi, skipt á staði/sveitarfélög (Nafn, staða/hlutverk, netfang, símanúmer)
    a. Hver safnar slíkum upplýsingum og hvernig?
        1. Sveitarfélögin safna upplýsingum um lykilfólk í almannavarnaástandi, upplýsingum um þá sem taka eiga við tilkynningum um náttúruvá hverskonar og hafa umboð til athafna
        2. Senda þessar upplýsingar lögreglustjóra/yfirlögregluþjóni fyrir næsta fund sem freista þess að búa til heildstætt skjal og leggja fyrir Almannavarnanefnd á næsta fundi sem ákveður næstu skref
    b. Hvar verða þær geymdar – hvernig tryggjum við aðgang að þeim?
        1. Verður tekið fyrir á næsta fundi.

5. Verklag um það hvernig farið er með upplýsingar um vá sem fyrirsjáanleg er, - svo sem veðurviðvörun, snjóflóðahættu,- áhlaðanda !
    a. Staðfesting á móttöku
        1. Ákveðið að lögregla, sem gjarnan framsendir slíkar upplýsingar,
            1. sendi þær nefndarmönnum til upplýsingar og það komi þá fram í póstinum, - að einungis sé um upplýsingamiðlun að ræða og ekki óskað viðbragða
            2. beini póstinum að einhverjum ákveðnum í nefndinni ef viðbragða er óskað sem þá svari öllum og kynni til hvaða viðbragða verði gripið ef einhverra.
                1. (Viðbrögð geta verið eftirlit sem sett er á og þá upplýsingar um það hver/hverjir sinni því, eða beinar aðgerðir.)
        2. Með þessum hætti verði allir ávallt upplýstir um það sem efst er á baugi hverju sinni, hvaða viðbrögð eru fyrirhuguð og hver/hverjir sinni þeim.

6. Önnur mál
    a. Engin mál önnur tekin til umræðu

7. Næsti fundur nefndarinnar ákveðinn
    a. Haldinn 20. janúar eða síðar. Verður boðaður fljótlega.

1. Síðasta fundargerð, frá 19. október lögð fram til samþykktar **skjal nr. 1** og er hún samþykkt af fundarmönnum.

Umræða var um nýtt frumvarp til til breytingar á sóttvarnarlögum. Í frumvarpinu er ætlunin að skýra betur þau úrræði sem sóttvarnarlæknir hefur vegna hættu á farsóttum. skilgreiningar og fleira. Hér er linkur á lögin 385/151 stjórnarfrumvarp: sóttvarnalög | Þingtíðindi | Alþingi (althingi.is).

2. Tilnefning/staðfesting á breyttri skipan í Almannavarnanefnd og varamann í samræmi við ákvörðun á fundi nefndarinnar 19. okt. 2020. Margrét María sagði frá tilkynningu sem fór til dómsmálaráðuneytisins og varðar breytingu á skipan almannavarnarnefndarinnar en sömu formkörfur gilda ekki um fækkun eða breytingu í almannavarnarnefnd og þegar þær eru sameinaðar. Fullnægjandi er að senda tilkynningu til ráðuneytisins um nýja skipan og hefur það verið gert.

Kristján óskaði eftir að embættið fengið fullt nafn, kennitala heimilisfang með póstnúmeri heimasímanúmer og gsm númer og netfang. Fundarmenn eru beðnir um að senda á Kristján út af Bjargargrunninum.

a. Lögreglustjóri; Margrét María Sigurðardóttir
b. Yfirlögregluþjónn; Kristján Ólafur Guðnason
c. Sveitarstjóri Múlaþings; Björn Ingimarsson
Varamaður; Óðinn Gunnar Óðinsson
d. Bæjarstjóri Fjarðabyggðar; Jón Björn Hákonarson
Varamaður; Gunnar Jónsson, bæjarritari
e. Sveitarstjóri Vopnafjarðar; Sara Elísabet Svansdóttir, boðaði forföll
Varamaður; Björn Heiðar Sigurbjörnsson
f. Sveitarstjóri Fljótsdalshrepps; Helgi Gíslason
Varamaður;
g. Slökkviliðsstjóri Slökkviliðs Fjarðabyggðar; Guðmundur Helgi Sigfússon
Varamaður; Þorbergur Níels Hauksson varaslökkviliðsstjóri
h. Slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands, Haraldur Geir Eðvaldsson
Varamaður; Ingvar Birkir Einarsson
i. Formaður Landsbjörgu á Austurlandi; Sveinn Halldór Oddsson Zoéga
Varamaður; Guðjón Már Jónsson

3. Forgangsröðun verkefna nefndarinnar – á hvað skal leggja áherslu / skipting verkefna fyrir næsta fund,

Kristján sendi út skjal nr. 2 um áætlanir á Austurlandi. Umræða um áætlanir sem eru til staðar og gangið. Björn lagði til að fundarmenn færu yfir skjalið sem lagt var fram **nr. 2.** til síns baklands og taka síða umræðuna til baka. Kristján mun senda lina um áætlanirnar.

a. Kynna og æfa hópslysaáætlun? Veit ekki hvað hér?

b. Gróðureldar? Áhyggjur eru vegna þessara mála hjá slökkviliðinu á héraði. Ákveðið að Haraldur og Guðmundur taka þetta að sér og koma með tillögur.

c. Sjóslysaáætlun? Umræða um að geyma þá áætlun og tengja við landsáætlun.

d. Stíflurof á Fjarðarheiði? Björn ætlar að fara yfir þau mál og finna gögn til grundvallar þessa.

e. Rafmagnsleysi í óveðri? Umræða um hvort ætti að kortleggja stöðuna með Landsneti, Rarik og mögulega fleiri aðilum. Umræða um hvar varaaflstöðvar eru á Austurlandi. Er ástandið fyrir austan í lagi eða á að bæta í. Það er rafstöð á Norðfirði, Rarik á þá stöð. Landsnet getur notað Seyðisfjörð ef eitthvað er að rafmagni þar sem að þar er rafstöð. Rarik er dreifuveita og á markaðinn svo til á Austurlandi. Vandamálið í vetur er tengi... Landsnet. Kerfið er yfirhlaðið og má við litlu.

Er varaafl í fullt af endurvarpsstöðvum. Vandamálin eru byggðalögin. Strax í áttina ef til eru færanlegar stöðvar. Ákveðið að hver fulltrúi kanni málið í sínu ranni og finni út hvernig staðan er hjá þeim og senda til lögreglunnar.

b. Stjórnstöðvar almannavarna, hvar eiga þær að vera / hvernig skulu þær búnar?

Tala um að þetta þurfi að ganga frá .

c. Aðgangur að þyrlu fyrir Austurland?

4. Söfnun upplýsinga á einn stað um þá sem hafa hlutverk í almannavarnaástandi, skipt á staði/sveitarfélög (Nafn, staða/hlutverk, netfang, símanúmer)

Kristján lagði til að við ættum að safna upplýsingunum á einn stað þannig að hver aðili geti vitað hvert á að snúa sér. Umræða var um að hægt sé að heimila aðgang að Bjargargrunninum þegar hann er til. Er ekki aðgengilegur fyrir fólk. Umræða um hvort við ættum að vera með okkar grunn. Ákveðið að slökkviliðsstjórarnir á svæðinu færu hvor yfir sitt svæði og síðan yrði það unnið áfram.

5. Verklag um það hvernig farið er með upplýsingar um vá sem fyrirsjáanleg er, - svo sem veðurviðvörun, snjóflóðahættu,- áhlaðanda !

Kristján leggur til verklag sem er þannig að viðkomandi staðfesti móttöku og láti vita hvað ætli að gera. Allir séu upplýstir um þó að sé aðeins á einu svæði.

Ekki hægt að treyst að allir séu að fá tölvupóstinn. Markmið er að allir upplýstir og hver tekur við verkefninu.

6. Önnur mál

Engin mál.

7. Næsti fundur nefndarinnar ákveðinn

Umræða um að verði eftir 20 janúar 2021.

Fundi slitið klukkan 15:00

LÖGREGLUSTJÓRINN Á AUSTURLANDI

# Fundur Almannavarnarnefndar Austurlands

**Dags og tími,** - 8. feb. 2021 frá kl. 14:00. Haldinn á Teams. 1. fundur starfsársins.

**Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð
Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótsdalshérað
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps
Guðmundur Helgi Sigfússon, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands
Helgi Gíslason, sveitarstjóri, Fljótsdalshrepps
Sveinn Halldór Oddsson Zoéga, Landsbjörg á Austurlandi.

**Mættir:** Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri, Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn, Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð, Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Múlaþings, Guðmundur Helgi Sigfússon, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar, Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands, Helgi Gíslason, sveitarstjóri Fljótsdalshrepps og Sveinn Halldór Oddsson Zoéga, Landsbjörg á Austurlandi. Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps mætti ekki. (Margrét María stýrði fundi og ritar fundargerð.)

**Dagskrá fundar:**

1. Síðasta fundargerð, frá 30. nóvember 2020 lögð fram til samþykktar.
Engar athugasemdir og er hún samþykkt. MMS fór yfir að hún ætlar að senda ársreikning og fundargerðir til undirritunar og fundarmenn eigi að senda skjalið til baka þegar búið er að undirrita.

2. Ársreikningur fyrir árið 2020 kynntur og samþykktur
Ársreikningur fyrir árið 2020 var samþykkt og BI ætlar skoðar ógreiddu kröfurnar frá Seyðisfirði, Borgarfirði Eystri og Djúpavogi og eru nú hluti af Múlaþingi.

3. Forgangsröðun verkefna nefndarinnar – á hvað skal leggja áherslu / skipting verkefna fyrir næsta fund. KÓG stýrði þessum lið.
   a. Gróðureldar: Áhyggjur eru vegna þessara mála hjá slökkviliðinu á héraði.
      i. Ákveðið var að slökkviliðsstjórarnir tveir tækju þetta að sér og kæmu með tillögur. Þeir þegar hist og farið yfir þessi mál.
         1. Til er áætlun um gróðurelda í Skorradal, líklega sú eina á sinnar tegundar á landinu.
         2. Margir þurfa að koma að borðinu, en helstu staðir eru Einarsstaðir og eins þéttbýli skógivaxið á Egilsstöðum. Eiðar einnig og Hallormsstaður.
         3. Skipuleggja þarf varnarlínur og vatnsupptöku og fleira. Ákveða þarf aðkomu- og flóttaleiðir.

4. Snýr að áætlun um góðurelda og eins brunavarnaráætlun fyrir Múlaþingi sem er í vinnslu.
5. Rætt um að Einarsstaðir væri að líkindum sá staður sem fyrst þyrfti að skoða.

ii. Slökkviliðstjórarnir vinni þessum málum, finna samstarfsaðila og búta verkefnið niður.

1. Þeir gera fundarmönnum grein fyrir niðurstöðum og vinnu fyrir næsta almannavarnanefndarfund.

b. Stíflurof á Fjarðarheiði?

i. BI fer yfir þau mál og finnur gögn fyrir næsta fund.

c. Rafmagnsleysi í óveðri: Umræða um hvort ætti að kortleggja stöðuna með Landsneti, Rarik og mögulega fleiri aðilum. Stefnt að því að hver kanni stöðuna í sínum ranni. Ef eitthvað vantar upp á til að staðan sé ásættanleg þá komi fram til hvaða ráðstafana rétt sé að grípa. Markmiðið er að ná heildaryfirlit yfir stöðuna og meta í kjölfarið hvar skórinn kreppir.

i. Vopnafjörður þegar svarað.
ii. Landsbjörg svarað
iii. HGE svarað en vinnur áfram greinargerð um Múlaþing
iv. JBH og GHS vinna greinargerð um Fjarðabyggð

d. Stjórnstöðvar almannavarna, hvar eiga þær að vera / hvernig skulu þær búnar?

i. Verður skoðað m.t..t. búnaðar sem þarf að koma upp, þar á meðal rafmagnsöryggi, sjá lið hér fyrir ofan.
ii. Fundarmenn sammála um að bíða aðeins með þetta mál, - mikil þróun í fjarfundarbúnaði sem gæti gert stjórnstöðvar á einum stað óþarfar

4. Söfnun upplýsinga á einn stað um þá sem hafa hlutverk í almannavarnaástandi, skipt á staði/sveitarfélög (Nafn, staða/hlutverk, netfang, símanúmer) KÓG stýrði þessari umræðu.

a. Lítið gerst í þessu máli. Saltað í bili.

5. Verklag um það hvernig farið er með upplýsingar um vá sem fyrirsjáanleg er, - svo sem veðurviðvörun, snjóflóðahættu,- áhlaðanda ! KÓG stýrði þessari umræðu

a. Frá síðasta fundi hefur verið unnið samkvæmt þessu verklagi. Allir sáttir.

6. Önnur mál

a. Skoða þarf hópa í bjargir.is, hvort þeir séu réttir miðað við áætlanir. Lögregla og slökkvilið skoða í sínum ranni. HSA þarf einnig að koma að þessari vinnu. (HGE-GHS-KÓG)
b. Umræða um hugtakanotkun, - almannavarnanefnd kynnt til sögunnar í fjölmiðum sem ákvörðunaraðili um lokun á líkamsrækt á Héraði, - átti að vera aðgerðarstjórn.

7. Næsti fundur nefndarinnar ákveðinn ákveðið 22. mars klukkan 14:00.

Fundi slitið klukkan 15:00.

LÖGREGLUSTJÓRINN Á AUSTURLANDI

# Fundur Almannavarnarnefndar Austurlands

**Dags og tími,** - 22. mars 2021

**Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps
Guðmundur Helgi Sigfússon, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands
Helgi Gíslason, sveitarstjóri, Fljótsdalshrepps
Sveinn Halldór Oddsson Zoéga, Landsbjörg á Austurlandi.

**Mættir:** Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri, Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn, Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps, Guðmundur Helgi Sigfússon, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar, Sveinn Halldór Oddsson Zoéga, Landsbjörg á Austurlandi.

Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands, Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings boðuðu forföll en Óðinn Gunnar mætti fyrir hönd Múlaþings, og Guðmundur Helgi Sigfússon mætti fyrir hönd Fjarðarbyggð.

**Dagskrá fundar:**

1. Síðasta fundargerð, frá 8. febrúar 2021 lögð fram til samþykktar. Engar athugasemdir komu fram og skoðast hún samþykkt.

2. Ársreikningur fyrir árið 2020, ásamt fundargerðum ársins 2020 eru til undirritunar hjá nefndarmönnum og er verið að safna þeim saman.

3. Forgangsröðun verkefna nefndarinnar – á hvað skal leggja áherslu / skipting verkefna fyrir næsta fund: Kristján stýrði þessum lið.

   a. Gróðureldar: Áhyggjur eru vegna þessara mála hjá slökkviliðinu á héraði. (Framhald síðasta fundar – slökkviliðsstjórar skoða)
      i. Eru tíðindi af þessu verkefni?
         1. Guðmundur Helgi fór yfir þetta í stuttu máli en brýnt er að Haraldur sé með í þessari umræðu þar sem þetta varðar hans svæði meira. Ákveðið að fresta frekari umræðu til næsta fundar.

   b. Stíflurof á Fjarðarheiði. (Framhald síðasta fund BI skoðar.)
      i. Eru tíðindi af þessu verkefni?
         1. Óðinn var ekki með upplýsingar um þetta mál og ákveðið að fresta til næsta fundar. Óðinn mun minna Björn Ingimarsson á þennan lið.

c. Rafmagnsleysi í óveðri – Hver kortleggur í sínum ranni
Markmiðið er að ná heildaryfirlit yfir stöðuna og meta í kjölfarið hvar skórinn kreppir og til hvaða ráða myndi rétt að grípa.
   i. Vopnafjörður þegar svarað.
      1. Mun senda viðbótarupplýsingar fyrir næsta fund
   ii. Landsbjörg svarað
      1. Mun senda viðbótarupplýsingar fyrir næsta fund
   iii. HGE svarað en vinnur áfram greinargerð sem varðar Múlaþing
      1. Bíður næsta fundar
   iv. JBH og GHS vinna greinargerð um Fjarðabyggð, Guðmundur fór í stuttu máli yfir þetta en greinargerðin er ekki tilbúin.
      1. JBH og GHS ætla að vinna þetta frekar og hún verður tilbúin fyrir næsta fund.

Nefndarmenn lýstu áhyggjum sínum að taka eigi vararafstöðvar úr umferð vegna breytingar á raforkukerfinu. Umræða um að brýnt sé að vinna í þessu máli.

4. Önnur mál

a. Kristján kynnti hugmyndir um skipulag almannavarna milli svæða og vera með minni hópar sem eru betur tilbúin í einstök verkefni. Eru ólíkar þarfir á svæðinu. Umræða um hvar Djúpivogur eigi að vera svo og Vopnafjörður. Yfirsýnin þarf að vera í lagi og hóparnir tali saman. Er í takt við umræðu sem hefur verið í gangi. Minnisblað var sent fyrir fundinn til fundarmanna. Þeir eru beðnir um að kynna sér þetta betur fyrir næsta fund.

Sveinn Zoega, kom á framfæri umræðu um að það vantar áhættumat fyrir allt svæðið og síðan viðbragðsáætlanir gerðar í kjölfarið. Það er ekki til eitt áhættumat fyrir svæðið. Þarf að vinna það frekar, - gæti legið í þeim vinnuhópum sem tillaga er gerð um hér að framan.

5. Næsti fundur verður haldinn 19 . apríl 2021 kl. 14:00.

LÖGREGLUSTJÓRINN Á AUSTURLANDI

# Fundur Almannavarnarnefndar Austurlands

**Dags og tími,** - 19. apríl 2021, fundur 3/2021 og haldinn á Teams klukkan 14:00, fundi slitið 14:50.

**Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps
Guðmundur Helgi Sigfússon, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands
Helgi Gíslason, sveitarstjóri, Fljótsdalshrepps
Sveinn Halldór Oddsson Zoéga, Landsbjörg á Austurlandi.

**Mættir:** Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri, Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn, Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð, Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings, Guðmundur Helgi Sigfússon, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar, Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands. Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps og Sveinn Halldór Oddsson Zoéga, boðuðu forföll.

MMS ritaði fundargerð og stjórnaði fundinum.

**Dagskrá fundar:**

1. Síðasta fundargerð, frá 22. mars 2021 lögð fram nr. 1 og var hún samþykkt.

2. Ársreikningur fyrir árið 2020 – greiðslur fyrir árið 2021
    i. Er verið að senda til undirritunar til meðlimi almannavarnarnefndar fundargerðir og ársreikning vegna ársins 2020. MMS mun fyrir næsta fund fara yfir hvernig stendur með greiðslur fyrir 2021.

3. Forgangsröðun verkefna nefndarinnar – á hvað skal leggja áherslu / skipting verkefna fyrir næsta fund: KÓG stýrði þessi lið.

    a. Gróðureldar: Áhyggjur eru vegna þessara mála hjá slökkviliðinu á héraði. (Framhald síðasta fundar – slökkviliðsstjórar skoða)
        i. Eru tíðindi af þessu verkefni? Umræða um að best sé að koma á fót starfshóp að þessu sviði til að vinna frekar að þessum málum. Það þarf að kalla fleiri að borðinu með formlegum hætti. Þarf að vinna aðgerðaráætlun á þessu sviði. Frá slökkviliðunum og sveitarfélögunum, Múlaþing, Fljótsdalshreppur, frá Skógræktinni, landeigendum og lögreglunni. Einnig var umræða um mikilvægi þess að grisja skóginn til að tryggja að það sé slóði sem haldi ef bruni verður til að hægt sé að koma tækjum og tólum að á vettvangi. Tengist einnig lið 4. í fundargerðinni.

    b. Stíflurof á Fjarðarheiði. (Framhald síðasta fund BI skoðar.)

   i. Eru tíðindi af þessu verkefni? BI hefur verið að kynna sér málið og ekki fengið afdráttarlaus svör og verið er að leita í gögnum um þetta. Umræða að leita hjá RARIK/Orkusölunni, en þar er starfandi neyðarstjórn sem á að hafa þessar upplýsingar.

c. Rafmagnsleysi í óveðri – Hver kortleggur í sínum ranni.
d. Markmiðið er að ná heildaryfirlit yfir stöðuna og meta í kjölfarið hvar skórinn kreppir og til hvaða ráða myndi rétt að grípa.
   i. Vopnafjörður þegar svarað.
   ii. Landsbjörg svarað
   iii. HGE svarað en vinnur áfram greinargerð um Múlaþing
   iv. JBH og GHS lögðu fram greinargerð um Fjarðabyggð

Umræða um lið c og d var tekin saman.
Guðmundur Helgi og Jón Björn sendu inn skjal sem lagt er fram nr. 2., skjalið nær til Austurlands.
Umræða var um hvort okkur vantar frekari rafstöðvar miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir. Fundarmenn töldu vanta rafstöðvar ef rafmagnslaust verður til lengri tíma.
Vopnafjörður stendur mun betur og eru með öflugt varaafl þar.
Ef Orkufyrirtækin eru spurð um þessi mál þá segja þau að þetta sé allt meira og minna hringtengt og því sé nóg rafmagn. Ákveðið að senda bréf frá Almannavarnarnefnd til veitufyrirtækjanna og mun Jón Björn senda drög af bréfinu og lögreglan mun vinna það frekar og senda á flutningsfyrirtækin, Landsnet og Rarik, í nafni Almannavarnarnefndar.

4. Skipulag almannavarna milli svæða. KÓG-
Farið yfir tillögur sem lagðar voru fram á síðasta fundi um að reyna að koma á vinnuhópum sem eru í einstökum verkefnum á svæðinu. Um er að ræða lykilaðilar sem hafa þekkingu á staðnum og eru mjög mikilvægir í þessari vinnu. Viljum gjarnan láta reyna á þetta hvernig þetta virkar. Umræðan jákvæð um að láta reyna á þetta.

5. Frumvarp til breytinga á lögum um almannavarnir þingskjal nr. 1077 151. löggjafarþingi.
Engar athugasemdir en áhugi er á því að fylgjast með heildarendurskoðun sem byrjað verður á á næsta ári.

6. Önnur mál, engin mál komu til umræðu

7. Tillaga gerð um næsta fund 17. maí 2021 kl. 14:00.

LÖGREGLUSTJÓRINN Á AUSTURLANDI

# Fundur Almannavarnarnefndar Austurlands

**Dags og tími,** - 17. maí 2021, fundur 4/2021 og haldinn á teams

**Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps, boðaði forföll
Guðmundur Helgi Sigfússon, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands, boðaði forföll
Helgi Gíslason, sveitarstjóri, Fljótsdalshrepps mætti ekki
Sveinn Halldór Oddsson Zoéga, Landsbjörg á Austurlandi.

**Mættir:** Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri, Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn, Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð, Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótsdalshérað Guðmundur Helgi Sigfússon, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar, Sveinn Halldór Oddsson Zoéga, Landsbjörg á Austurlandi. Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps og Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands, boðuðu forföll. (Helgi Gíslason)

**Dagskrá fundar:**

1. Fundargerð frá 19. apríl 2021 lögð fram til samþykktar.

2. Ársreikningur fyrir árið 2020 – greiðslur fyrir árið 2021
   i. Kynning á því hvar þau mál standa. Þurfum að vita íbúafjöldann og þá er hægt að senda reikninga. Vopnafjörður búinn að greiða og innborgun komin frá Fljótsdalshéraði (nú Múlaþing). Kristján ætlar að fara yfir þetta og síðan verður sendur út reikningur á sveitarfélögin.

3. Forgangsröðun verkefna nefndarinnar – á hvað skal leggja áherslu / skipting verkefna fyrir næsta fund:

   a. Gróðureldar: Áhyggjur eru vegna þessara mála hjá slökkviliðinu á héraði. (Framhald síðasta fundar – slökkviliðsstjórar skoða)
      i. Eru tíðindi af þessu verkefni?

Ekkert gerst frá síðasta fundi. Umræða um mikilvægi þess að búta verkefnið niður og leggja af stað. Umræða var um að það skorti fötur sem þyrlur nota til að flytja vatn til að slökkva skógarelda.

   b. Stíflurof á Fjarðarheiði. (Framhald síðasta fund BI skoðar.)
      i. Eru tíðindi af þessu verkefni?

Björn ætlar að finna gögn um þessi mál og tökum þetta fyrir á næsta fundi. Útlit fyrir að ekki sé búið að gera viðbragðsáætlun vegna þessa.

   c. Rafmagnsleysi í óveðri – Hver kortleggur í sínum ranni

   JHB ætlar að vinna drög af bréfi til lögreglu sem mun áframsenda það áfram.

4. Skipulag almannavarna milli svæða

Lagt var fram hugmynd að verklagi um hvernig við viljum vinna áfram að almannavörnum, skjal nr. 1. Almannavarnir á Austurlandi, Skipulag- starfsemi. KÓG fór yfir málin og umræða var um svo næstu skref og framhald. Mikilvægt er að þeir einstaklingar sem mæta á fundina hafi heimildir til að taka ákvarðanir. Lögreglustjóri mun senda út bréf til almannavarnarnefndarinnar þar sem að mál þetta er formlega tekið fyrir og óska eftir tilnefningum. Þegar búið er að tilnefna þá telja fundarmenn ekki neitt því til fyrirstöðu að hóparnir fari að starfa. Umræða var um að gott væri að kynna þetta fyrir íbúum sveitarfélagsins.

5. Næsti fundur verði haldinn 16. ágúst 2021 klukkan 14:00.

Fundi er slitið klukkan 14:50.

# Fundur Almannavarnarnefndar Austurlands

**Dags og tími,** - 16. ágúst 2021, fundur 5/2021 og haldinn á teams

**Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps, boðaði forföll
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,
Helgi Gíslason, sveitarstjóri, Fljótsdalshrepps
Sveinn Halldór Oddsson Zoéga, Landsbjörg á Austurlandi.

**Mættir:**
Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,
Helgi Gíslason, sveitarstjóri, Fljótsdalshrepps
Sveinn Halldór Oddsson Zoéga, Landsbjörg á Austurlandi.

**Dagskrá fundar:**
MMS bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn.

1. Fundargerð frá 17. maí 2021 lögð fram og var hún samþykkt.

2. <u>Framhald síðasta fundar:</u>
    a. Ársreikningur fyrir árið 2020 – greiðslur fyrir árið 2021
        i. Kynning á stöðu þessa máls. (MMS)
            1. Ársreikningur 2020 er undirritaður og samþykktur.
        ii. Ekki hafa borist frekari greiðslur fyrir árið 2021 frá síðasta fundi. KÓG sendi út tölvupóst um stöðuna eftir síðasta fund og hafa ekki komið viðbrögð við honum. KÓG ætlar að senda hann aftur og verður það gert eftir fundinn. Ákveðið að skoða þetta á næsta fundi.

    b. Forgangsröðun verkefna nefndarinnar – á hvað skal leggja áherslu / skipting verkefna fyrir næsta fund:
        i. Gróðureldar: Áhyggjur eru vegna þessara mála hjá slökkviliðinu á héraði.
            1. Slökkviliðstjóri HGE og aðstoðaryfirlögregluþjónn HBA ætla að fara yfir þessi mál mjög fljótlega og kynna stöðuna og hvað verða næstu skref. Skoðað á næsta fundi.

        ii. Stíflurof á Fjarðarheiði.

1. BI upplýsti fundinn um að Orkusalan gerði úttekt á sínum tíma og var ekki talið þörf á áætlun en BI ætlar að kalla eftir upplýsingunum og kynna þetta frekar á næsta fundi.

iii. Rafmagnsleysi í óveðri – Hver kortleggur í sínum ranni –
   1. JBH vinnur drög að bréfi sem verður sent áfram fyrir næsta fund en málið hefur tafist.

iv. Skipulag almannavarna milli svæða
   1. Allir nefndarmenn hafa samþykkt, - hver eru næstu skref (KÓG)
      2. Boðað fljótlega til funda hópsins á Héraði og á Fjörðum
         Einhverjir hafa ekki tilkynnt fulltrúa sína í nefndinni. Skorað á nefndarmenn að ganga frá því.
         Umræða um að kynna formlega starfið og formaður skrifi grein og birti í fjölmiðlum. Allir sammála því enda mikilvægt fyrir íbúa að fá upplýsingar um störf nefndarinnar.
      3. Kynning til íbúa
         a. Sjá næsta tölulið hér að ofan.

3. Næstu skref nefndarinnar –
   a. Horfa til vetrarins, -

      Umræða um hvað við viljum gera fyrir næsta vetur en það styttist í haustið og veturinn.

      Umræða um að þurfi að fá Veðurstofuna til að vera með kynningu bæði er varðar Seyðisfjörð og Eskifjörð. Verið er að bíða eftir hættumati til þess að hægt sé að vinna frekar að þessum málum. Umræða um að það sé mikilvægt að gera þetta á sama tíma og fá sérfræðingaveðurstofunnar á staðinn. JBH tók að sér í umboði almannavarnarnefndar að eiga samtal við Veðurstofuna um þetta.

      Fundarmenn tóku jákvætt undir að dreifa upplýsingum til íbúa, svo sem upplýsingaspjöldum um viðbrögð við skriðuföllum líkt og borin voru í öll hús á Seyðisfirði, en það þurfi að fyrst að kynna málið. Getur komið fólki á óvart að fá gögn en ekki upplýsingar um málefnið áður en það berst í pósti.

      Umræða um að það þyrfti að æfa og kynna hópslysaáætlun sem var samþykkt í upphafi árs 2020.

4. Næsti fundur verður haldinn 20. september en mögulega verður hann færður til á þann sama tíma og Veðurstofan hefur tök á því að koma austur. Lögreglan tók að sér að boða fundinn og minna fundarmenn á að undirbúa sig fyrir fundinn.

Fundi slitið klukkan 13:55
Fundagerð ritaði MMS

LÖGREGLUSTJÓRINN Á AUSTURLANDI

# Fundur Almannavarnarnefndar Austurlands

**Dags og tími,** 2. sept 2021, fundur 6/2021 og haldinn á teams klukkan 15:00.

**Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps, boðaði forföll
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,
Helgi Gíslason, sveitarstjóri, Fljótsdalshrepps
Sveinn Halldór Oddsson Zoéga, Landsbjörg á Austurlandi.

**Mættir:**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar

**Dagskrá fundar:**

MMS bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn.

Tilefni fundarins er þurrkur Austurlandi og hættur sem því fylgja. Til fundarins var boðað með tölvupósti sem sendur var fyrr um daginn.

BI: Þurrkatíð hefur verið með eindæmum og er Múlaþing að kortleggja umhverfið hjá sér. Víða eru vatnsból þurr og verið er að fá bíla til að fylla á þau. Múlaþing er að hafa samband við öll lögbýli og fara á þá staði þar sem það er hægt. Þetta hefur í för með sér mikinn kostnað fyrir bændum. Í einhverjum tilfellum hafa opinberir aðilar hafa fengið stuðning frá stjórnvöld vegna þessa kostnaðar. Einnig er hætta á gróðureldum. Finnst að Almannvarnarnefnd ætti að senda frá sér yfirlýsingu og hvetja fólk að fara varleg. HGE sagði að allt umhverfið væri þurrt og ef yrði gróðureldar þá er mikil hætta á ferð. Slökkviliðið hefur farið með vatn í bílunum til að bæta í brunna. Gott væri að fá heilbrigðiseftirlitið í lið með okkur til að fá upplýsingar um hvað mega gera, hvaðan vatn má koma og fleira. Telur gott að almannvarnarnefnd sendi út tilmæli um að fólk sé ekki með brennur og þau passa grillin sín.

SV er sammála þessu að senda beri út tilkynningu. Lítið meira hægt að gera nema kannski að kortleggja stöðuna á hverju svæði fyrir sig. JBH telur að þau séu ekki í sömu vandræðum og Múlaþing. Tekur undir að það sé gott að senda út tilkynningu. Heldur að það sé Bjargráðasjóður sem hefur greitt þennan kostnað. Bændur fengið heimild frá heilbrigðiseftirliti til að ná í vatn á þvottastöðvar olíufélaga.

MMS tekur að sér að hringja í almannvarnardeild og vinnufélaga til að leita ráða og kemur þeim upplýsingum áfram til nefndarinnar.

Fundi slitið klukkan 15:20. Fundagerð ritaði MMS

# Fundur Almannavarnarnefndar Austurlands

**Dags og tími,** - 20. Sept. 2021, fundur 7/2021 og haldinn á teams klukkan 14:00

**Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps, boðaði forföll
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,
Helgi Gíslason, sveitarstjóri, Fljótsdalshrepps
Sveinn Halldór Oddsson Zoéga, Landsbjörg á Austurlandi.

**Mættir:**
Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Sveinn Halldór Oddsson Zoéga, Landsbjörg á Austurlandi.

**Dagskrá fundar:**
MMS bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn.

1. Fundargerð frá 16. ágúst og 2. sept. 2021 lögð fram og var hún samþykkt.

2. <u>Framhald síðasta fundar:</u>
    a. Ársreikningur fyrir árið 2020 – greiðslur fyrir árið 2021
        i. Kynning á stöðu þessa máls. (MMS)
            1. Ársreikningur 2020 er undirritaður og samþykktur.
        ii. Aðeins ein greiðsla hefur borist frá fundinum 16. ágúst 2021. Búið er að senda reikning á sveitarfélögin.

3. Forgangsröðun verkefna nefndarinnar – á hvað skal leggja áherslu / skipting verkefna fyrir næsta fund:
        i. Gróðureldar: Áhyggjur eru vegna þessara mála hjá slökkviliðinu á héraði.
            1. Slökkviliðstjóri HGE og aðstoðaryfirlögregluþjónn HBA hafa hist og rætt málin. Þarf að taka sama upplýsingar, skipta svæðinu upp, ákveða hvernig á að verjast og fleira. Eiga eftir að ákveða hverja þeir fá í lið með sér. Umræða um að gott væri að slökkviliðstjóri Fjarðarbyggðar verði tengdur við þennan hóp og samþykkti hann það.

        ii. Stíflurof á Fjarðarheiði.
            1. Málið er afgreitt með vísan til fyrri fundargerðar og gögn sem bárust frá Múlaþingi. Á grundvelli þessa er því ekki talið þörf á að vinna frekar að þessu máli þar til að annað kemur í ljós.

iii. Rafmagnsleysi í óveðri – Hver kortleggur í sínum ranni –
    1. JBH ætlar að ræða þetta við Rarik áður en að formlegt erindi verður sent frá nefndinni.

iv. Skipulag almannavarna milli svæða
    a. Búið að funda með hópunum og búið að senda fundarboð. Stutt í að byrji.
    b. Lögreglustjóri sendir út grein sem fyrst vegna þessa í nafni almannavarna.

4. Næstu skref nefndarinnar –
   a. Horfa til vetrarins, -

Umræða um hvað við viljum gera fyrir næsta vetur en það styttist í veturinn. Jón Björn er búinn að heyra í Magna Hreini Jónssyni hjá Veðurstofunni. og það á að halda fund með snjóathugunarmönnum þann 11. október á Seyðisfirði. Ætlunin er að vera með kynningu í tengslum við það. Búið er að undirbúa vöktun á Eskifirði og Seyðisfirði. Umræða var um að þröskuldurinn á rýmingum verður líklega lægri en hann hefur verið. Umræður voru um hvort við þurfum að huga betur að þessum málum gagnvart íbúum sem gætu þurft á aðstoð t.d. í fjöldahjálpastöð þegar um rýmingu er að ræða.

Umræða og um hvort að dreifa eigi upplýsingaspjöldum til íbúa þegar þarf að rýma, líkt og gert var í öll hús á Seyðisfirði eftir skriður. Getur komið fólki á óvart að fá gögn um rýmingu án þess að fá upplýsingar um málefnið áður en það berst í pósti. Reyna að nýta íbúafund með Veðurstofu til slíkrar kynningar

Umræða um að það þyrfti að æfa og kynna hópslysaáætlun sem var samþykkt í upphafi árs 2020 og ákveðið að koma þessu áleiðis við vinnuhópana.

5. Önnur mál:

Umræða um hvort að þurfi að dusta af rykið af áætlunum vegna Öskju þar sem að hún er á óvissustigi. Líklega mun Öskjugos frekar valda vanda á héraði en á fjörðunum. Spurning hvort það muni hafi áhrif á uppistöðulón og stíflur. Mikilvægt að vinnuhóparnir skoði þetta.

6. Næsti fundur verður haldinn 1. nóvember klukkan 14:00.

Fundi slitið klukkan 14:50
Fundagerð ritaði MMS

LÖGREGLUSTJÓRINN Á AUSTURLANDI

# Fundur Almannavarnarnefndar Austurlands

**Dags og tími,** - 1. nóv. 2021, fundur 8/2021 og haldinn á teams klukkan 14:00

**Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps, boðaði forföll
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,
Helgi Gíslason, sveitarstjóri, Fljótsdalshrepps
Sveinn Halldór Oddsson Zoéga, Landsbjörg á Austurlandi.

**Mættir:**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Ingvar Birkir Einarsson, varaslökkviliðsstjóri frá Brunavörnum Austurlands,
Sveinn Halldór Oddsson Zoéga, Landsbjörg á Austurlandi.

**Dagskrá fundar:**

MMS bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn.

1. Fundargerð frá 20. sept. lögð fram til samþykktar.

2. Framhald síðasta fundar:
   a. Greiðslur fyrir árið 2021
      i. Allir eru búnir að greiða fyrir árið 2021

   b. Rafmagnsleysi í óveðri – Hver kortleggur í sínum ranni –
      i. JBH ætlar að ræða þetta við Rarik áður en formlegt erindi verður sent frá nefndinni. Engar fréttir þar sem JBH mætti ekki. Frestum til næsta fundar og minnum JBH að hafa samband við Rarik.
         1. Vararafstöð er að koma til lögreglunnar bæði á Egilsstöðum og á Eskifirði.

3. Helstu tíðindi af vinnuhópum almannavarnanefndar, hver eru næstu skref, æfingar o.fl.?
   a. Kynning á skipulaginu í fjölmiðlum / Austurfrétt - Skipulag almannavarna á Austurlandi - stofnun starfshópa (austurfrett.is)
   b. Fjarðabyggð
   c. Múlaþing – Fljótsdalshreppur – Vopnafjörður

   Engar athugasemdir komu um framvindu mála hjá hópunum, vinnan hafin.

4. Horfa til vetrarins, -
   a. Fundir með Veðurstofu á Seyðisfirði og Eskifirði

i. Farið var stuttlega yfir fundina með Veðurstofu. Ástandið á Eskifirði er stöðugt en verið er að fylgjast mjög náið með Seyðisfirði. Reglulega eru sendar fréttartilkynningar út af Seyðisfirði og var það gert síðast á föstudaginn var. Einnig er búið að lýsa upp hlíðina á Seyðisfirði þannig að íbúar geti fylgst með hlíðinni og er ánægja með það.

ii. Dreifing upplýsingaspjalda á Eskifirði / Neskaupstað
- Ákveðið að dreifa spjöldunum með smá kynningu á þeim. Kannað verður hvort að Björgunarsveitin í Neskaupsstað muni dreifa þessu fyrir Almannavarnarnefndina. Kostnaðurinn færist á nefndina.

5. Mögulegt Öskjugos – hafa áætlanir verið rýndar?
   a. Fundarmenn beðnir um að skoða áætlunina og kynna sér hvað snýr að þeim. Hún var send með fundarboðinu. Umræðan um hvort að virkja ætti aðgerðarstjórn út af þessu. Ákveðið er að lögreglan muni boða fund í aðgerðarstjórn.

6. Önnur mál
   a. Í síðustu viku var haldinn fundur með almannavarnardeild ríkislögreglustjóra og var kostnaður af honum. Engar athugasemdir við að sá kostnaður sé settur á almannvarnarnefndina.
   b. Umræða var um hvar aðgerðarstjórn ætti að vera til húsa. Lögregla verið að ræða við Björgunarsveitina á Egilsstöðum út af reikningi sem var sendur í kjölfar hamfaranna á Seyðisfirði. Umræða um að skoða það sem er að gerast á Akureyri. Lögreglan fékk samning almannavarnarnefndar og Björgunarsveitar á Akureyri en umræða er um hvort að gera eigi eitthvað svipað hér á Egilsstöðum. Einnig er umræða um hvernig staðið skuli vera að því að útbúa aðgerðarstjórn. Björn Ingimarsson ætlar að fara yfir söguna og þetta verður rætt síðar. Áhugi er á því að skoða aðstöðuna á Akureyri. Fundarmenn beðnir að velta þessu fyrir sér, með stjórnstöð/-var aðgerðastjórnar og koma vel nestaðir fyrir næsta fund sem haldinn verður 22. nóv. klukkan 13:00.
   c. Í Múlaþingi er áhugi á því að fá fulltrúa almannavarnarnefndar til fundar með Byggðaráði Múlaþings til að ræða viðbragðsáætlanir um Seyðisfjörð. Verið er að vinna með 16. eða 23. nóv. klukkan 10:00. BI mun hafa samband og láta vita hvaða tími hentar.

7. Næsti fundur verður haldinn mánudaginn 22. nóv. 2021 klukkan 13:00 og lögreglan boðar fundinn.

Fundi slitið klukkan 15:02
Fundagerð ritaði MMS